

Sveitarfélagið Árborg

Árborg

26.08.2025

Umsögn um breytingu á deiliskipulagi Byggðarhorns.

Eftir þessa breytingu verða lóðir á svæðinu orðnar 37 en voru 24 fyrir 3 árum síðan. Það er því töluverð aukning frá því sem var þegar ég keypti lóð hér fyrir 6 árum. Ein ástæða þess að mér leist vel á svæðið þá var hversu vel það var skipulagt og svæðið ekki þéttbýlt.

Í dag er búið að byggja á 18 lóðum og umferð þegar orðin mjög mikil. Veginum um svæðið er mjög illa viðhaldið og á þurrviðrisköflum gengur stöðugur rykmökkur yfir hús og lóðir því mörg hús standa nálægt veginum.

Nánast ekkert hefur verið gert fyrir veginn á þessum árun og segir Vegagerðin að þennan veg eigi bara að hefla 2x á ári. Og sveitarfélagið hefur sagt mér að þessi vegur komi þeim ekki við.

Í fundargerð 47- fundar skipulagsnefndar Árborgar frá 25.06.2025 segir mannvirkja og umhverfisvið auk skipulagsfulltrúa að eftir að hafa rýnt í deiliskipulagstillöguna kalli fjölgun mannvirkja á svæðinu á stækkun stofnlagnar hitaveitu til að tryggja heitt vatn til frambúðar.

Uppbygging fylgir ábyrgð og ég skora því á sveitarfélagið að fara fyrst í að svera upp hitaveituna og gera varanlegar úrbætur á veginum samfara þéttingu byggðar.

Virðingarfyllst,

Stefán Halldórsson

Íbúi á svæðinu